

HÚSÖNDIN

89.tbl. 2.árg.
27.nóv. 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 28.NÓV.-4.DES.

- 28.11 Bogey Björk Leví Gísladóttir
29.11 Einar Eyþórsson
30.11 Þórunn Ólöf Kristjánsdóttir, Hrefna Sigurgeirsdóttir,
Jón Arnar Ómarsson
1.12 Davíð Örvar Hansson
3.12 Þorgerður Egilsdóttir
4.12 Adolfo Garcia Avila

Dyngjan auglýsir

Opið verður í Dyngjunni á aðventunni
30.nóv -1. des , 7.-8. des og 14.-15. des
kl 14-17.



Mikið til af falletgri gjafavöru.

Svo er líka alltaf hægt að hringja í síma 464-2003 og fá opnun.

Dyngjan handverksmarkaður





Jólagleðin á Myllu Restaurant



JÓLABRUNCH

Sunnudagana 24. nóvember, 1. desember,
8. desember, 15. desember.

Verð: 3.800 kr. á mann.

Hálft gjald fyrir börn 6-12 ára og frítt fyrir börn
yngri en 6 ára.

JÓLAHLAÐBORÐ

23. og 30. nóvember, 7. og 14. desember.

Verð: 9.750 kr. á mann.

Hálft gjald fyrir börn 6-12 ára og frítt fyrir börn yngri en 6 ára.

Tilboð fyrir hópa, 15 manns eða fleiri.

Nú eru síðustu forvöð að
bóka borð í jólabrönsinn.
Aðeins örfá sæti laus.
Bókaðu núna í síma 594 2000.

STARRI Í GARÐI - ALDARAFMÆLI



Þorgrímur Starri Björgvinsson bóndi í Garði í Mývatnssveit fæddist þann 2. desember 1919. Hann var landsþekktur hagrýðingur og baráttumaður auk þess sem hann skemmti á nánast öllum samkomum sveitarinnar um langt árabíl, með kveðskap og gamanmálum. Revían Leirhausinn var sýnd í tvígang við miklar vinsældir, en hann samdi leikritið og sr. Örn Friðriksson tónlistina.

Í tilefni af aldarafmæli Starra verður haldin samkoma í Skjólbrekku sunnudaginn 1. desember kl. 15⁰⁰

- Erindi: Benedikt Sigurðarson frá Grænavatni
Sigrún Huld Þorgrímsdóttir frá Garði
- Menningarfélagið Gjallandi sýnir brot úr upptöku á revíunni Leirhausnum
- Nokkrir Mývetningar lesa upp vísur Starra
- Fjöldasöngur: stjórnandi Steinþór Þráinsson

Samkomunni stýrir Benedikt Sigurðarson

Boðið verður upp á kaffi og kleinur





Jarðböðin minna á áður auglýsta lokun, frá kl. 17:30 í dag miðvikudag og út föstudaginn. Opnum aftur hress og kát á laugardaginn.
Kær kveðja úr Jarðböðunum

Jólaúthlutun Velferðasjóðs Þingeyinga 2019

Vekjum athygli á því, að hægt er að sækja um jólaúthlutun hjá Velferðasjóði Þingeyinga til 5. desember.

Umsóknum skal skila á netfang Rauðakross Íslands á Húsavík **rkihusavik@simnet.is** en einnig má hafa samband við prestanna í sýslunni og munu þeir koma umsóknunum áleiðis.

Við minnum á, að sjóðurinn er með bankareikning 1110-05-402610, kennitala 600410-0670. Framlög eru vel þegin!

með óskum um gleðilega aðventu
Velferðasjóður Þingeyinga





Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum – Ókeypis rútuferð laugardaginn 30. nóvember -

Skútustaðahreppur býður áfram upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð verður laugardaginn 30. nóvember n.k.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu **kl. 10.30 (athugið breyttan tíma)** laugardaginn 30. nóvember n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn. Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 46 46 660 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf

Sumaropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

Mánud. - fimmtud. - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30

Föstud. - 07:30 til 09:30

Laugard. - 11:00 til 17:00

Sunnud. - 11:00 til 17:00

Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.



Jólasveinarnir í Dimmuborgum

taka á móti gestum

30. nóvember - 24. desember frá kl 11:00 - 13:00

18 ára og eldri greiða 1.500kr í Grýlusjóð

12-17 ára greiða 500kr í Grýlusjóð

miðasala á tix.is

Jólasveinateiti, markaðsdagur og hið árlega jólabað jólasveinanna

verður laugardaginn 7. desember

Jólasveinateiti frá kl 11:00 - 13:00

Jólabað jólasveinanna í Jarðböðunum kl 16:00

Markaður í Jarðböðunum frá kl 14:00 - 18:00

Handverk, jólasteikin, jólagjafirnar

miðasala á tix.is

Sjáumst í hátíðarskapi!

Mývatnssveit, töfraland jólanna

www.yulelads.is

www.visitmyvatn.is

